

Siðareglur starfsfólks Sveitarfélagsins Árborgar

Markmið með þessum reglum er að stuðla að gagnsæi, fagmennsku og trausti í garð starfsfólks Sveitarfélagsins Árborgar. Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem öllu starfsfólki Sveitarfélagsins Árborgar ber að fylgja við störf sín.

Starfsfólki ber að:

1. Gegna störfum sínum af vandvirkni og samviskusemi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana og gæta þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsins skv. starfslýsingu hverju sinni.
2. Sýna samstarfsfólki og íbúum virðingu og umburðarlyndi og rækja störf sín af þjónustulund og ábyrgð.
3. Vinna gegn og sýna ekki af sér hegðun sem getur fallið undir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi, hvort sem um er að ræða líkamlegt eða andlegt ofbeldi.
4. Mismuna ekki samstarfsfólki og íbúum á grundvelli stjórnmálaskoðana, þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar, fötlunar eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti.
5. Virða þagnarskyldu um vitneskju sem það fær í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um skv. grein 42 í lögum nr. 37/1993.
6. Þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum, birgjum eða þeim, er leita eftir þjónustu, nema um sé að ræða óverulegar gjafir og ekki sé unnt á líta á þær sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.
7. Upplýsa um spillingu, ólögmdæta eða ámælisverða háttsemi, sem það kann að vera vart við í störfum sínum.
8. Forðast að aðhafast nokkuð sem er því til vanvirðu, álitshnekkis eða getur varpað rýrð á það starf eða starfsgrein er það vinnur við.
9. Forðast hagsmunaárekstra, þar með talið vegna persónulegra tengsla í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á þeim.
10. Misnota ekki stöðu sína í þágu eiginhagsmuna eða hagsmuna annara og aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnóttkun á almannafé.

Fyrirvari: Ýmsar starfsstéttir hafa sett sér sínar eigin siðareglur og er þær að finna hér: [Siðareglur starfstétta](#) | [Siðfræðistofnun HÍ](#)